

54
27. maí

SAMÞYKKT

um

**breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu nr. 55,
17. maí 1926.**

Aftast í 2. gr. komi nýr töluliður:
12. Hríseyjarvegur frá Stekkjarnefi að Yztabæ.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir sam-
ið og samþykkt samkv. lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem
hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

55
7. júní

ERINDISBRÉF

fyrir

sandgræðslumann ríkisins.

Með bréfi þessu er hr. Gunnlaugi Kristmundssyni falið að hafa
með höndum störf sandgræðslumanns, samkvæmt lögum um sandgræðslu,
nr. 45, 20. júní 1923, og breytingum á þeim lögum, nr. 25, 31. maí 1927,
eða öðrum ákvæðum, er um sandgræðsluna verða sett.

Verkefni þau, er sandgræðslumanninum er aðallega ætlað að
vinna að, eru þessi:

- a. Að sjá um framkvæmdir þeirra verka, er sandgræðslan hefir með
höndum. Hann ræður menn til þeirra verka og segir fyrir og hefir
eftirlit með störfum þeirra. Hann gefur leiðbeiningar viðvíkjandi
sandgræðslu og svarar fyrirspurnum þar að lútandi.
- b. Að rannsaka ný svæði, sem þörf er á að taka til sandgræðslu,
gefa lýsingu af þeim og áætlanir um væntanlegan kostnað við
sandgræðsluna.

c. Að hafa öll reikningsskil sandgræðslunnar í samráði við gjaldkera Búnaðarfélag Íslands, borga eða ávísar reikningum og innheimta gjöld frá einstaklingum og gera samninga um afnotarétt á sandgræðslusvæðum, og annað eftir því sem lög standa til, eða sett ákvæði. Hann skal færa nákvæmar reikningsbækur yfir alla starfsemi sandgræðslunnar og sérstaka reikninga fyrir hverja sandgræðslustöð, svo og aðalreikning fyrir alla sandgræðsluna um hver áramót.

d. Að leysa af hendi önnur störf í þágu sandgræðslunnar, eftir því sem ástæður leyfa og tími vinnst til.

Öllum þessum störfum skal hann haga eftir lögum og reglum sandgræðslunnar, í samráði við búnaðarmálastjóra.

2. gr.

Sandgræðslumaðurinn aflar sér allrar fræðslu, sem kostur er á að fá, viðvikjandi starfi sínu, og kynnir sér í þeim efnum þær bækur og tímarit, innlend og útlend, sem hér er að fá.

3. gr.

Sandgræðslumaðurinn heldur stutta dagbók yfir starf sitt heima, en skráir ítarlega skýrslu um athuganir sínar og framkvæmdir á leiðbeiningaferðum. Hann heldur saman öllum bréfum er honum berast og varða sandgræðsluna, og svörum við bréfunum. Bækur þessar og bréf afhendast á skrifstofu Búnaðarfélag Íslands og varðveitast í skjalasafni þess.

4. gr.

Sandgræðslumaðurinn semur árlega skýrslu um starfsemi sandgræðslunnar.

5. gr.

Sandgræðslumaðurinn er skyldur til að reka starf sitt með áhuga og trúmennsku og vera góður samverkamaður atvinnumálaráðherra og búnaðarmálastjóra, og aðstoðarmaður þeirra í öllum greinum er sandgræðsluna varða.

6. gr.

Laun fyrir starf sitt fær sandgræðslumaðurinn samkvæmt ákvæðum atvinnumálaráðherra.

Avinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1929.

Jónas Jónsson.

Páll Pálmason.